



# Ársskýrsla 2006

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands





## Efnisyfirlit

Ég þakka fyrir mig. . . . .	1
Íþróttamiðstöðin í Laugardal . . . . .	2
Framkvæmdastjórn ÍSÍ. . . . .	3
Varastjórn ÍSÍ. . . . .	4
Skrifstofa ÍSÍ . . . . .	4
Nefndir ÍSÍ . . . . .	5
Verkefnasjóður ÍSÍ . . . . .	5
Handbók ÍSÍ. . . . .	5
Samvinna við Sportblaðið. . . . .	5
Heimasíður . . . . .	6
Erlend samskipti . . . . .	6
Dómsmál . . . . .	6
Formannafundur ÍSÍ. . . . .	6
Lagamál . . . . .	6
Vinnuhópar . . . . .	6
Íslendingar í nefndum erlendis . . . . .	6
Lyfjæftirlit . . . . .	7
Höf Íþróttamanns ársins . . . . .	7
Bandý . . . . .	7
Bogfimi . . . . .	7
Vélahjóla- og vélsleðaíþróttir . . . . .	8
Gísli Halldórsson – Minningar, menn, og málefni . . . . .	8
Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa . . . . .	8
Lottó og Getraunir . . . . .	9
Starfskýrslur . . . . .	9
Styrkur til sérsambanda ÍSÍ . . . . .	10
Fjárframlög frá Alþingi til íþróttahreyfingarinnar . . . . .	10
Stofnun Samtaka íslenskra ólympíufara (SÍÓ) . . . . .	10
Samningur um innanlandsflug . . . . .	11
Fjármálaráðstefna . . . . .	11
Ólympíufjölskyldan . . . . .	11
Breytingar á lottó og útbreiðslustyrk . . . . .	11
Vinnuhópur um skipulagsmál . . . . .	12
Fræðslumál – Námskeiðahald á tímabilinu . . . . .	12
Ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar . . . . .	12
Fræðslu- og útbreiðslumál sérsambanda . . . . .	12
Skólaíþróttanefnd ÍSÍ . . . . .	13
Fyrirmyndarfélag ÍSÍ . . . . .	13
Forvarnir . . . . .	13
Útgáfumál . . . . .	13
Felix . . . . .	13
Barna- og unglíngaráðstefna – Áland 2005 . . . . .	14
Íþróttamannvirki . . . . .	14
Alþjóða Ólympíuakademían . . . . .	14
Samstarf við menntastofnanir . . . . .	14
Smáþjóðaleikar 2005 – Andorra. . . . .	15
Sumarólympíuleikar 2004 – Aþena . . . . .	15
Ólympíuhátíð æskunnar 2005 . . . . .	15
Vetrarólympíuleikar 2006 – Tórinó. . . . .	16
Fagteymi ÍSÍ . . . . .	17
Fatlaðir íþróttamenn og Afrekssjóður ÍSÍ . . . . .	17
Heilbrigðisráð – Íþróttalæknisfræðiráðstefna. . . . .	17
Afrekssjóður . . . . .	17
Styrktarsjóður ungra og efnilegra íþróttamanna . . . . .	18
Hjóláð í vinnuna - fyrirtækjakeppni um allt land . . . . .	18
Kvennahlaup ÍSÍ . . . . .	18
Heilsufélaginn – nýtt hreyfforrit . . . . .	19
Stafganga . . . . .	19
Heilsu- og hvatningardagar í Smáralind, Stykkishólmi og á Siglufirði . . . . .	19
Nefnd stofnuð um íþróttir eldri borgara . . . . .	19
Haltur leiðir blindan . . . . .	19
Miðnætur og Ólympíuhlaupið . . . . .	20
„Sterk bein fyrir góða daga“ . . . . .	20
Samstarfsverkefni ÍSÍ og Lýðheilsustöðvar . . . . .	20
Hreyfing og heilbrigði . . . . .	20
Ráðstefnan Heilbrigðisráðs í hraustum líkama . . . . .	20
Ísland á iði . . . . .	20
Styrkir til sérsamb. og héraðssamb. 2005 . . . . .	22
Styrkir til sérsamb. og héraðssamb. 2004 . . . . .	24
Styrkir til sérsamb. og héraðssamb. 2003 . . . . .	26
Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands – Ársreikningur 2005 . . . . .	29
Ólympíusjóður – Ársreikningur 2005 . . . . .	45

# Ég þakka fyrir mig

Ég vona að mér verði fyrirgefið að taka mér það bessaleyfi, nú þegar ég fyrir hönd framkvæmdastjórnar ÍSÍ legg fram árskýrslu ÍSÍ í síðasta sinn, að vísa í heimild í gömlu KR blaði, þar sem skýrt er frá því að ný stjórn í knattspyrnudeild félagsins hafi verið kjörin þann 24 nóvember 1960. Þar er meira að segja birt mynd af stjórninni og hver stendur þar fyrir miðju, galvaskur og unggæðislegur, nema undirritaður sjálfur? Mér þykir vænt um þessa mynd af mér og félögum mínum. Þaðan er ég kominn. Þar liggja ræturnar. Það eru sem sagt liðin rúm fjórtú og fimm ár, hálf öld, síðan ég álpáðist inn í stjórnunarstörf hjá íþróttahreyfingunni. Það var reyndar ekki fyrr en sjö árum síðar, árið 1967, sem ég tók við formennsku þessarar deildar en eftir það var ekki aftur snúið, formennska í Knattspyrnusambandi Íslands í sextán ár og svo varaforseti og forseti ÍSÍ frá því í september 1991.

Þetta finnst sumum langur tími, en fyrir mér er hann örstuttur, skemmtilegur og sögulegur. Stuttur af því að hann hefur verið fljótur að líða, skemmtilegur að því leyti að mér hefur aldrei leiðst og sögulegur fyrir þá sök, að mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum tíma og byltingarkenndar breytingar hafa átt sér stað.

Fyrir fjórtú og fimm árum hafði engin íþróttagrein séraðstöðu fyrir sig og sína. Aðeins eitt íþróttahús var til í landinu, gamli Hálogalandsbragginn, þar sem gert

var ráð fyrir áhorfendum. Knattspyrnumenn léku á mól, sundmenn æfðu og kepptu í Sundhöllinni einni saman, frjálsíþróttamenn máttu æfa þegar hlé var gert á fotboltanum og handbolti var afgangstærð. Enginn körfubolti að heita mátti, ekkert blak, hvað þá keila eða júdó og hestaíþróttir! Hvað var nú það?

Sérvitringar stunduðu golf í Öskjuhlíðinni.

Ég ekki var ástandið betra út um land. Ég man eftir kappleikjum á Ísafirði, þar sem boltinn fór út í sjó, þegar duglega var sparkað. Þar var bátur til taks! Á héraðsmótum á lansbyggðinni var hlaupið á moldarbrautum. Það þótti mikil hagræðing að því, þegar reistur var nýmóðins íþróttasalur á Eskifirði og laugin var undir gólfinu! Skíðafólk þurfti að labba upp hlíðarnar, því engar voru lyfturnar.

Hjá Íþróttasambandi Íslands var í mesta lagi einn starfsmaður sem hélt utan um bókhaldið. Þegar ég var hjá Knattspyrnusambandinu héldum við tombólur til að bjarga fjárhagnum og efnidum til happdrættis, þar sem hagnaðurinn var undir því kominn að vinningurinn gengi ekki út.

Nú þegar þessari skýrslu er skilað er öðruvísi um að litast. En það er nauðsynlegt og sjálfsagt að halda þessum staðreyndum til haga. Íslensk íþróttahreyfing hefur nefnilega og bókstaflega lyft grettistaki á síðustu áratugum. Það yrði of langt



Stjórn Knattspyrnudeildar KR árið 1960.

Nedri röð frá vinstri: Haraldur Guðmundsson, Sigurður Halldórsson form., Haraldur Gíslason og Hans Kragh.

Efri röð frá vinstri: Sigurgeir Guðmannsson, Hörður Felixson, Ellert B. Schram, Bjarni Felixson og Hörður Óskarsson.



mál að telja þær framfarir upp enda er okkur öllum, sem nú gegna trúnaðarstörfum fyrir hreyfinguna, ljóst, að landslagið er allt annað og betra. Það er í rauninni ævintýri líkast hvað áunnist hefur.

Ég hef auðvitað ekki einhent þessa framvindu. Síður en svo. En ég hef upplifað hana og notið hennar. Ég hef fengið að vera með og taka þátt í stórkostlegri byltingu þeirra þúsunda manna og kvenna, sem hér hafa komið við sögu. Auðvitað hefur það hjálpað og gert gæfumuninn að bæði ríki og sveitarfélög hafa lagt fram meira fé til íþróttastarfs en fyrst og fremst er þessi árangur og þessar framfarir allar, verk íþróttar- og ungmennafélaga, héraðs- og íþóttabandalaga, sérsambanda, stjórnenda þeirra og sjálfboðaliða, sem hafa gert veg íþróttanna mikinn og meiri en nokkurn óraði fyrir. Við sjálf höfum búið þetta landslag til. Og af hverju? Jú, vegna þess að íþróttirnar njóta hylli, þær eru aðdráttarafl í sjálfum sér, þær laða að sér bæði iðkendur og áhugamenn, þær eru tómstundaiðja, menntun, menning og lífstíll, heilsuþætandi áreynsla og ánægja, sem er ómissandi hverjum þeim einstaklingi, sem vill lifa lífinu lífandi.

Þessi skýrsla, sem hér birtist, er aðeins brotabrot af því sem er að gerast innan íþróttahreyfingarinnar. En hún er engu að síður vísbending og staðfesting um þá umfangsmiklu starfsemi, sem fram fer í nafni ÍSÍ og lýtur að þjónustu, eflingu og útbreiðslu íþróttanna, hvort heldur það snýr að fræðslu, almenningi, afreksfólki eða innra starfi skrifstofu ÍSÍ, alþjóðasamskiptum, fjármálum, leikreglum, lyfjaeftirliti og hverju einu, sem varðar íþróttastarfið í landinu. Íþróttamannvirkjum hefur fjölgað, nýjar íþróttgreinar hafa haslað sér völl, nýjar kynslóðir hafa tekið við, æskan sækir til okkar í vaxandi mæli og vísindaleg þekking um uppeldi, þroska, hreyfingu og lífshætti, ungra jafnt sem gamalla, hefur vaxið og fært okkur vopn og rök til stuðnings heilbrigðu lífverni, líkamsrækt og ástundun íþróttar. Það er vitaskuld margt enn ógert en íþróttahreyfingin hefur styrkt sig í sessi, sem fjöldahreyfing, sem hefur miklu víðtækara erindi inn í samfélagið heldur en fyrir það eitt að vinna til afreka. Stærstu sigurnir eru í rauninni þeir, að við höfum hlotið viðurkenningu á gildi íþróttanna, við njótum virðingar sem ómetanleg áhugasamtök sem fegra og bæta lífsskilyrði og

**Mynd á forsíðu:** Dagný Linda Kristjánsdóttir í keppni í brunni á ÓL í Tórinó.

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.

lífsnautnir þjóðarinnar og við eigum ekki lengur undir högg að sækja, þegar hagsmunamáll okkar eru annars vegar.

Ég er bæði glaður og stoltur að hafa fengið að taka þátt í þessari þróun og getað lagt mitt af mörkum. Það er ábyrgðarmikil og vandasant starf að leiða íþróttahreyfinguna á þann hátt að hún njóti skilnings og virðingar og það er ekki sama hvernig það er gert. Forseti ÍSÍ er oddviti, talsmaður, andlit og ímynd hinnar íslensku íþróttahreyfingar og eftir höfðinu dansa limirnir. Mér hefur hefur auðvitað stundum orðið á í messunni en aðalatriðið er hitt, að hugur fylgi máli, að heildarhagsmunir íþróttanna séu í fyrirrúmi og hug-

sjónaandi drengskapar og íþróttamennsku sé hafður að leiðarljósi. Íþróttir eru, þrátt fyrir allt, bara leikur. Fara að leikreglum, virða keppinautinn, leikur, sem gerir þig að betri manni, ef vel tekst til.

Meira hef ég ekki að segja. Skýrslan talar sínu máli. En ég þakka áratuga samstarf við lífs og liðna, ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og skrifstofu ÍSÍ, fyrir og nú, ég þakka forystumönnum og áhugamönnum um land allt, stjórnvöldum og almættinu sjálfu, fyrir gjöfult og gleðilegt tímabil á ævi minni.

Ég þakka fyrir mig.

*Ellert B Schram, forseti ÍSÍ*

## Íþróttamiðstöðin í Laugardal



Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Sem fyrr er Íþróttamiðstöðin í Laugardal iðandi af lífi. ÍSÍ hefur hætt rekstri kaffiteríu og mötuneytis í miðstöðinni en nýr rekstraraðili, Helga Friðriksdóttir, rekur Café Easy á jarðhæð húss 2, þar sem húsnæðið hefur verið aðlagð að rekstri kaffiteríunnar með frábærum árangri. Er óhætt að segja að þessi breyting hafi verið til góðs og er mikið líf í teríunni um hádegisbilið. Boðið er upp á hollan og



Café Easy

góðan hádegisverð, alla virka daga. Helga hefur einnig umsjón með skráningu fundarsala og veitingasölu í tengslum við viðburði í húsinu.

Í kjölfar flutnings kaffiteríunnar var ráðist í endurbætur á fundarsölum ÍSÍ á 3. hæð í húsi 3. Miklar umbætur voru gerðar, m.a. var stóri fundarsalurinn teppalagður, öll tæki og tól endurnýjuð ásamt því að ný húsgögn voru keypt í stóra salinn. Má því segja að fundaraðstaða sé með allra besta móti í miðstöðinni og hvetur ÍSÍ sambandsaðila sína að nýta þessa aðstöðu, sem er líkt og áður lánuð endurgjaldslaust út til sambandsaðila.

Framundan eru töluverðar endurbætur á Íþróttamiðstöðinni utan húss. Setja þarf valmaþak á tvær elstu byggingarnar svo ekki komi til vatnsskemmda og einnig er fyrirhugað að lagfæra aðkomu að húsinu og hellulögum.



# Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Á 67. Íþróttþingi ÍSÍ, sem haldið var á Grand Hótel Reykjavík 24. apríl 2004, voru eftirtaldir kjörnir í framkvæmdastjórn ÍSÍ:



**Ellert B. Schram** fæddur 1939. Ellert er lögfræðingur að mennt en auk lögfræðilegra starfa, hefur hann verið alþingismaður og ritstjóri. Ellert hefur verið forseti ÍSÍ frá

því í september 1991. Þar áður var hann formaður Knattspyrnusambands Íslands í 16 ár. Einn af varaforsetum UEFA – Knattspyrnusambands Evrópu. Mikil reynsla af ýmsum störfum í íþróttahreyfingunni bæði hérlendis og erlendis. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna.



**Sigríður Jónsdóttir** er fædd 1954. Er doktor í efnafræði og starfar á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands auk þess að vera stundakennari við efnafræðiskor Raunvísindadeildar

Háskóla Íslands. Varaforseti ÍSÍ síðan 1997. Sigríður sat í stjórn Badminton-sambands Íslands frá 1988 og var formaður sambandsins frá 1990-1996. Sigríður hefur verið formaður Fræðsluviðs ÍSÍ frá stofnun þess. Situr í Íþróttanefnd ríkisins fyrir hönd ÍSÍ.

Íþróttalegur bakgrunnur: Badminton.



**Gunnar Bragason** fæddur 1961. Gunnar er viðskiptafræðingur að mennt og starfar sem framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar. Var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ

árið 2002 og skipaður af framkvæmdastjórn sem gjaldkeri ÍSÍ 2004. Hefur einnig verið formaður Fjármálaráðs ÍSÍ. Gunnar var forseti Gólfambands Íslands frá 1999-2001.

Íþróttalegur bakgrunnur: Golf.



**Lárus Blöndal** fæddur 1961. Lárus er hæstaréttarlögmaður og rekur eigin lögfræðistofu. Kjörinn í framkvæmdastjórn árið 2002. Skipaður ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ árið

2004. Er formaður Laganefndar ÍSÍ og hefur verið formaður Afrekssjóðs ÍSÍ og setið í Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ. Situr fyrir hönd ÍSÍ í starfshópi menntamálaráðherra um íþróttavæðingu Íslands. Lárus leiddi undirbúningsvinnu að sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands í Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Lárus er fyrrverandi formaður Umf. Stjórnunnar í Garðabæ.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og badminton.



**Hafsteinn Pálsson** fæddur 1952. Hafsteinn er menntaður byggingarverkfræðingur og starfar sem slíkur hjá Rannsóknarstofnun byggingaríðnaðarins auk þess

ad kenna hjá Háskólunum í Reykjavík. Hafsteinn var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1992 og hefur sinnt ýmsum störfum hjá ÍSÍ, svo sem ritari framkvæmdastjórnar, formaður Lyfjaeftirlitsnefndar, Taekwondonefndar og nú síðast sem formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Hafsteinn er fyrrverandi formaður Ungmennasambands Kjalanesþings og hefur einnig setið í stjórnnum Aftureldingar og UMFÍ.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.



**Benedikt Geirsson** fæddur 1953. Benedikt hefur starfað lengi í fjármálageiranum og starfar nú hjá Ístaki. Benedikt var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1997 og hefur

sinnt ýmsum störfum hjá ÍSÍ, svo sem ritari framkvæmdastjórnar, formaður Afrekssviðs ÍSÍ, auk þess að stýra ýmsum vinnuhópum. Benedikt sat um árabíl í

stjórn Skíðasambands Íslands m.a. sem formaður, einnig sat hann í all mörg ár í skíðadeild Fram.

Íþróttalegur bakgrunnur: Skíði.



**Örn Andrésson** fæddur 1951. Örn rekur eigið fjárfestingarfélag. Örn var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1996. Hann hefur setið í ýmsum nefndum á vegum

ÍSÍ, m.a. sem formaður í Tölvu- og samskiptanefnd ÍSÍ, situr í Fjármálaráði ÍSÍ og er núverandi formaður Afrekssjóðs ÍSÍ. Örn hefur einnig setið í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur í 18 ár og sem formaður badmintondeildar Víkings í 4 ár.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, frjálsar og badminton.



**Helga H. Magnúsdóttir** fædd 1948. Helga starfar sem verk taki.

Helga var kjörin í varastjórn ÍSÍ árið 1996 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1997. Helga

hefur setið í Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ, Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ, Afrekssviði ÍSÍ og í Kvinnahlaupsnefnd ÍSÍ. Helga sat einnig í stjórn HSI í 8 ár, bæði sem stjórnarmaður og gjaldkeri. Helga situr í mótanefnd Handknattleikssambands Evrópu.

Íþróttalegur bakgrunnur: Handknattleikur.



**Engilbert Olgeirsson** fæddur 1966. Er menntaður íþróttakennari og hefur starfað sem framkvæmdastjóri Héraðssambandsins Skarphéðins frá árinu

1991. Engilbert var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2000. Engilbert hefur setið í ýmsum nefndum á vegum ÍSÍ, m.a. í stjórn Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og sem formaður Hnefaleikanefndar ÍSÍ. Þá hefur Engilbert setið í nefndum á vegum UMFÍ, HSK og í sínu félagi sem er Íþróttafélagið Garpur í Rangárþingi.

Íþróttalegur bakgrunnur: Frjálsar íþróttir, körfuknattleikur, knattspyrna og glíma.

# Skrifstofa ÍSÍ



**Sigmundur Þórisson** fæddur 1946. Sigmundur er menntaður rafmagnniðfræðingur og starfar hjá RARIK á Akureyri. Sigmundur var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1997.

Sigmundur hefur setið í stjórn Afrekssviðs og í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ. Sigmundur var formaður Knattspyrnufélags Akureyrar í 9 ár.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.



**Krístrún Heimisdóttir** fædd 1971. Er menntaður lögfræðingur og starfar hjá Samtökum iðnaðarins. Krístrún var kjörin í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2004.

Hún hefur setið í stjórn Afrekssviðs ÍSÍ og stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ auk þess að stýra vinnuhópum. Krístrún hefur setið í nefndum á vegum Knattspyrnusambands Íslands og stjórn Knattspyrnufélags Reykjavíkur.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna.

Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar skipti stjórnin með sér verkum á þann hátt að Sigríður Jónsdóttir var skipuð í embætti varaforseta, Gunnar Bragason í embætti gjaldkera og Lárus Blöndal í embætti ritara. Stjórnin hefur haldið 25 fundi frá síðasta Íþróttþingi. Þá hefur framkvæmdaráð ÍSÍ haldið 67 fundi frá síðasta þingi, auk fjölda óformlegra funda.



Starfsfólk ÍSÍ. Sitjandi frá vinstri: Pálmar Hreinsson, Berglind Guðmundsdóttir, Jóna Hildur Bjarnadóttir. Standandi frá vinstri: Stefán Konráðsson, Viðar Sigurjónsson, Halla Kjartansdóttir, Linda Laufdal, Steinunn Björk Ingvarsdóttir, Andri Stefánsson, Kristinn Reimarsson og Lára Óskarsdóttir.

Á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík og á Akureyri vinna sex starfsmenn í fullu starfi, tveir í hlutastarfi og tveir verkefnastjórar í tímaþvöndu hlutastarfi. Það sem einkennt hefur starfsemi ÍSÍ frá síðasta þingi er mikil frjösemi starfsfólks en fimm starfs-

menn hafa tekið sér fæðingarorlof á þessu tímabili.

Grunnstarfsemi skrifstofunnar skiptist sem fyrr í þrjú starfssvið; Afrekssvið, Fræðslusvið og Almenningsíþróttasvið.

# Varastjórn ÍSÍ



**Björg Blöndal** fædd 1946. Starfar sem frístundafulltrúi hjá ÍTR í Grafarvogi. Var kjörin í varastjórn ÍSÍ árið 1997. Hefur setið í stjórn Fræðslusviðs ÍSÍ, Kvinnahlaupsnefnd ÍSÍ og er

formaður Skólaíþróttanefndar ÍSÍ. Hefur áralanga reynslu í félagsstörfum ýmis konar, m.a. úr stjórn UÍA og Íþróttafélagsins Hugins á Seyðisfirði.

Íþróttalegur bakgrunnur: Handbolti og skíði.



**Jón Gestur Viggósson** fæddur 1946. Jón Gestur er kerfisfræðingur og starfar hjá Tölvumiðstöð Sparisjóðanna. Jón Gestur var kosinn í varastjórn ÍSÍ árið 2000. Hefur setið í

Fjármálaráði ÍSÍ og stjórn Fræðslusviðs ÍSÍ. Jón Gestur er einnig gjaldkeri Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og hefur setið í stjórn og deildarstjórnnum FH í fjölda ára.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.



**Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir** fædd 1953. Ingibjörg var kjörin í varastjórn ÍSÍ árið 2002. Hún hefur setið í stjórn Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og er formaður Kvinnahlaupsnefndar

ÍSÍ, auk þess að stýra vinnuhópum. Ingibjörg var einnig formaður Umf. Aftureldingar í Mosfellsbæ í 8 ár.

Íþróttalegur bakgrunnur: Handknattleikur og frjálssar.



# Nefndir ÍSÍ



Frá fundi Skólaíþróttanefndar

Lögð hefur verið áhersla á að gera nefndarstarf markvisst. Í stað þess að skipa margar fastanefndir um ýmsa málaflokka hefur verið lögð áhersla á stofnun vinnuhópa með afmarkaðan tímaramma.

Innan ÍSÍ starfa ýmsar nefndir og ráð á föstum grunni og má í því sambandi nefna: Heilbrigðisráð, Lyfjaeftirlitsnefnd, Lyfjaráð, Afreksjóð ÍSÍ, Sjóð ungra og efnilegra, Laganefnd, Fjármálaráð,

Alþjóðanefnd og Verkefnasjóð. Einnig eru starfræktar séríþróttanefndir sem eru undanfari stofnunar sársambanda í viðkomandi íþróttgreinum. Þetta eru Skýlminganefnd, Vélhjóla- og vélsleðanefnd, Skvassnefnd, Hnefaleikanefnd, Krullunefnd, Skólaíþróttanefnd og Hjólreiðanefnd. Einnig var Bogfiminefnd ÍSÍ endurvakin á árinu 2005.

# Handbók ÍSÍ



ÍSÍ hefur undanfarin ár gefið árlega út handbók þar sem uppfærð lög og reglugerðir er að finna. Handbókina er einnig að finna á heimasíðu ÍSÍ á [www.isisport.is](http://www.isisport.is)

# Verkefnasjóður ÍSÍ



Frá úthlutun þjálfarastyrkja haust 2005

Verkefnasjóður ÍSÍ hefur komið að mörgum athyglisverðum útbreiðsluverkefnum innan hreyfingarinnar frá síðasta Íþróttabingi.

Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar á hverju ári

20 styrkjum til þjálfara auk þess að styðja við verðug útbreiðslu- og kynningarverkefni. Sambandsaðilar eru hvattir til að nýta sér árlegt fjármagn Verkefnasjóðs ÍSÍ til útbreiðslu og uppbyggingar.

# Samvinna við Sportblaðið



Afar mikilvægt er að í fjölmiðlaflórinni á Íslandi sé gefið út íþróttablað. ÍSÍ og Sportblaðið ehf hafa gert með sér samkomulag sem gildir til haustsins 2006 um stuðning ÍSÍ við útgáfu blaðsins.

## Heimasíður



ÍSí tók í notkun nýja heimasíðu haustið 2005. Miklar upplýsingar eru að finna á heimasíðunni um starfsemi íþróttahreyfingarinnar. Þá hefur verið útbúið vefur fyrir verkefnið Fyrirmyndarfélag ÍSí og eins hefur Ólympíuvefurinn verið færður í nýtt útlit.

## Erlend samskipti



Forseti og framkvæmdastjóri ÍSí á fundi ANOC í Malasíu.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands annast samskipti við fjölmörg alþjóðasamtök á sviði íþróttar. Alþjóðanefnd ÍSí stýrir alþjóðlegum samskiptum og þátttöku í fundum og ráðstefnum. Við sam-eininguna í Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands árið 1997 jókst þátttaka í ólympískum verkefnum en dregið var úr fundum hjá ýmsum öðrum alþjóðastofnunum, bæði vegna kostnaðar en aðallega vegna nýrra samskiptaleiða.

## Dómsmál

Dómstóll ÍSí hefur fengið til sín allmörg mál á þessu kjörtímabili, 5 mál voru tekin fyrir hjá Dómstólum á árinu 2004 og

# Formannafundur ÍSÍ



Frá Formannafundi ÍSÍ í Reykjavík 2005

Formannafundur ÍSí er samkvæmt lögum ráðgefandi samkoma. Formannafundur er haldinn árlega og hefur í árunna rás styrkt Íþrótt- og Ólympíusamband í störfum sínum, bæði sem ráðgefandi aðili en einnig og ekki síður sem faglegur og félagslegur vettvangur æðstu stjórnenda Íþróttahreyfingarinnar. Formannafundur ÍSí sækja

formenn sérsambanda, héraðssambanda, íþróttabandalaga og framkvæmdastjórn ÍSí ásamt starfsfólki sambandsins. Stöðugt hefur verið bryddað upp á nýjungum og upplýsingastreymi aukið til forystunnar og í bígerð er að breyta enn áherslum til að gera fundarmenn virkari í umfjöllun einstakra mála.

11 mál á árinu 2005. Bent er á að hægt er að lesa dóma sem felldir eru hjá dómstólum ÍSí á heimasíðu ÍSí, [www.isisport.is](http://www.isisport.is) Áfrýjunardómstóll ÍSí tók fyrir 3 mál árið 2004 og 1 mál árið 2005.

## Lagamál

Íþróttahreyfingin er stærsta fjöldahreyfingin á Íslandi. Innan ÍSí starfa um 1000 starfseiningar. Grundvöllur fyrir starfi hverrar starfseiningar er að hafa lifandi lög til stuðning starfinu. Laganefnd ÍSí er álitsgjafi framkvæmdastjórnar ÍSí, m.a. í málefnum er lúta að lögum nýrra íþróttfélaga og lagabreytingum sambandsaðila ÍSí. Fjölmörg erindi hafa verið tekin fyrir hjá nefndinni frá síðasta Íþróttþingi en fyrirhugað er að endurskilgreina hlutverk nefndarinnar eftir þetta kjörtímabil.

## Vinnuhópar

Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu hefur verið lögð áhersla á að láta

vinnuhópa taka að sér tímabundin verkefni í stað þess að skipa millþinganefndir og/eða fastanefndir. Á þessu kjörtímabili stjórnar hafa nokkrir vinnuhópar verið að störfum um ýmis mál. Sumir hafa skilað af sér störfum en aðrir eru enn að klára sín verkefni.

## Íslendingar í nefndum erlendis

Þátttaka Íslendinga í stjórnar- og nefndarstarfi á alþjóðavísu er afar mikilvæg. Með því að eiga fulltrúa í nefndum og ráðum, eignast íþróttahreyfingin á Íslandi mikilvæga tengiliði og aðgang að upplýsingum og eftir atvikum fjármunum. Fyrir u.þ.b. tíu árum voru aðeins 3-4 Íslendingar sem áttu sæti í stjórnnum og nefndum á alþjóðavísu en í dag er á milli 25-30 aðilar sem sinna þessum störfum.

# Lyfjæftirlit



Keppendur Íslands á Vetrarólympíuleikunum í Tórínó voru allir teknir í lyfjapróf af Lyfjæftirliti ÍSÍ

Árið 2004 voru tekin 131 lyfjapróf, þar af 109 á vegum Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ. Alls reyndust 4 sýni innihalda efni af alþjóðlegum bannlista WADA – Alþjóða lyfjæftirlitsstofnunarinnar. Það voru sýni iðkenda í íshokki, júdó og frjálsum íþróttum sem reyndust jákvæð, auk eins keppanda í hreysti en hreystiíþróttin (fitness) er ekki innan vébanda ÍSÍ. Í tveimur tilfellum innihéldu sýnin efedrín og í einu tilfelli var um að ræða þvagræsilyf. Í tilfelli hreystikeppandans var svo um að ræða kokteil testosterons, anabólískra stera og efedríns.

Árið 2005 voru tekin 111 lyfjapróf, þar af 101 á vegum Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ. Þrjú sýni reyndust jákvæð, sýni körfuknattleiksmanns, sundmanns og hreystikeppanda. Í sýni körfuknattleiksmannsins reyndist vera amfetamín og kanabisefni. Sýni sundmannsins innihélt testosteron og anabólíska stera. Þá innihélt sýni eins

hreystikeppandans of hátt T/E hlutfall, en sá keppandi er utan ÍSÍ.

Allir þessir keppendur voru dæmdir til viðeigandi refsingar.

Íþróttagrein	Í keppni	Utan keppni	Samtals
Badminton	4		4
Blak	4		4
Fimleikar		1	1
Frjálssar íþróttir	12+7*	7+6*	32
Handkn.leikur	24	18	42
Hestaíþróttir	2		2
Hnefaleikar	3		3
Hjólreiðar	5		5
Íþr. Fatlaðra	4		4
Íshokki	10	5	15
Júdó	4		4
Knattspyrna	24	9	33
Körfuknattleikur	28		28
Ól. lyftingar	6		6
Siglingar		1	1
Skautaiþróttir	6		6
Skíðaíþróttir	4	6	10
Skylmingar	4		4
Sund	8	7	15
TaeKwonDo	4		4
Annað (hreysti)	19*		19
	182	60	242
	75%	25%	100%

\*próf sem framkvæmd eru fyrir aðra en Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ, s.s. vegna Íslandsmeta, að beiðni Alþjóðasambanda, eða í íþróttagreinum utan ÍSÍ. Þessi próf eru ekki kostuð af Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ.

## Hóf Íþróttamanns ársins

ÍSÍ og Samtök íþróttafréttamanna hafa átt gott samstarf á undanförunum árum um árleg hóf þar sem ÍSÍ og Ólympíufjölskyldan hafa heiðrað íþróttamenn sérgreina viðkomandi sérsambanda og séríþróttanefnda og Samtök íþróttafréttamanna hafa lýst kjöri Íþróttamanns ársins.

Á næstunni munu aðilar setjast niður og ræða áhersluatriði varðandi áframhaldandi samstarf.

Eiður Smári Guðjohnsen, íþróttamaður ársins 2005



## Bandý



Bandýíþróttin er ný íþróttagrein á Íslandi en vel þekkt á Norðurlöndunum og í Evrópu. Stofnun Bandýnefndar ÍSÍ var til þess að koma til móts við óskir iðkenda-hópa og Alþjóða bandýsambandsins, sem sýnt hefur Íslandi mikinn áhuga varðandi uppbyggingu.

## Bogfimi



ÍSÍ endurvakti Bogfiminefnd sambandsins á árinu 2005. Nefndin var lögð niður fyrir nokkrum árum og starfsemi bogfimiíþróttarinnar færð undir Íþróttasamband fatlaðra þar sem ástundun bogfiminnar var einungis í íþróttafélögum fatlaðra.

Nefndin var endurvakin vegna vaxandi áhuga almennings á íþróttagreininni.



## Vélhjóla- og vélsleðaíþróttir



Vélhjóla- og vélsleðaíþróttir eru vaxandi íþróttgreinar á Íslandi sem og á alþjóðavísu. Skipulag íþróttagreinarinnar hefur verið að formast á undanförunum árum og sökum mikils áhuga ákvað framkvæmdastjórn ÍSÍ að skipa sérstaka séríþróttanefnd um þessar íþróttgreinar á árinu 2005.

## Gísli Halldórsson

– Minningar, menn, og málefni



Heiðursforseti ÍSÍ, Gísli Halldórsson

Heiðursforseti ÍSÍ, Gísli Halldórsson, hefur verið afar ötull á undanförunum árum við að koma minningum sínum og sögulegum staðreyndum varðandi íþróttastarfið í landinu á prent. ÍSÍ aðstoðaði Gísla árið 2004 við að gefa út bókina „Íslendingar á Ólympíuleikum“. Á haustmánuðum 2005 gaf Gísli síðan út bókina „Minningar, menn og málefni“, sem er afar fróðleg bók um félagsmáláþátttöku Gísla. Bókin er rituð af Jóni M. Ívarssyni sagnfræðingi.


## Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa

Umsýsla endurgreiðslna ÍSÍ vegna kostnaðar sem iðkendur bera í kjölfar slysa í íþróttum eykst með ári hverju. Fleiri félög eru orðin meðvituð um endurgreiðslumöguleika vegna þessa dýra rekstrarþáttar og eru duglegri að koma upplýsingum til

iðkenda sinna. Allar upplýsingar um umsóknarferlið og annað þessu tengt er að finna á heimasíðu ÍSÍ undir liðnum „Íþróttaslysasjóður“. ÍSÍ hvetur sambandsaðila til að kynna sér málið til hlítar.


### Skipting meiðsla eftir héraðssamböndum

1.4.2002-1.4.2006




### Fjöldi meiðsla 1.4.2002–1.4.2006

Skipting á milli íþróttagreina



### Staðsetning meiðsla





# Lottó og Getraunir

## Stjórn Íslenskra getrauna er þannig skipuð:

Stefán Konráðsson, formaður . . . . .	ÍSÍ
Geir Þorsteinsson . . . . .	KSÍ
Líney Rut Halldórsdóttir . . . . .	Íþróttanefnd ríkisins
Sæmundur Runólfsson . . . . .	UMFÍ
Örn Andrésson . . . . .	ÍBR

## Stjórn Íslenskrar getspár er þannig skipuð:

Ellert B. Schram, formaður . . . . .	ÍSÍ
Sigurbjörn Gunnarsson . . . . .	UMFÍ
Vífill Oddsson . . . . .	ÖBÍ
Reynir Ragnarsson . . . . .	ÍSÍ
Þórir Þorvarðarson . . . . .	ÖBÍ

## Framkvæmdastjóri:

Bergsveinn Sampsted

Tímamót urðu í starfsemi Getspár/Getrauna þann 5. júlí 2005 þegar nýtt sölukerfi var tekið í notkun. Nýja kerfið flytur fyrirtækið tæknilega séð inn í 21. öldina, og leysir af hólmi 11 ára gamalt sölukerfi félagsins. Nýja kerfið er frá fyrirtæki sem heitir Scientific Games sem er

bandarískt fyrirtæki. Þar með lauk góðu og árangursríku samstarfi við GTECH sem hófst við stofnun Getspár árið 1986.


Eftir langa og ítarlega skoðun þar sem markaðurinn var kannaður, fyrirtæki heimsótt og fengin hingað til lands, ásamt því að gerð var formleg verðkönnun, varð

niðurstaðan sú að gengið var til samninga við Scientific Games og skrifað undir samstarfssamning til 7 ára. Auk mikilla tæknilegra framfara næst umtalsverður sparnaður með þessu kerfi. Með tilkomu nýja kerfisins opnast margir nýir og spennandi möguleikar fyrir Getspá/Getraunir. Vöruþróun verður mun einfaldari og fljótlegri að setja nýja leiki á markað. Samhliða breytingunni verður sölustöðum fjölgað og einnig verða settir upp sjálfsalar á fjölsóttu staði. Sala á vörum Getspár/Getrauna á internetinu hefur verið að aukast jafn og þétt. Nýverið gengu Íslenskar getraunir frá samningi við Betware um uppfærslu á sölukerfinu sem opnar fyrir nýja möguleika í vöruþróun félagsins.


Rekstur Getspár/Getrauna gekk vel á árinu 2005. Heildarsala Íslenskra getrauna nam 507 milljónum króna og heildarsala Íslenskrar getspár nam 1.630 milljónum króna. Árið 2005 er því eitt besta ár í sögu fyrirtækisins.

Þó að vel hafi gengið á síðasta ári og á undanförunum árum er nauðsynlegt að vera vel á verði. Víða í Evrópu er sótt hart að fyrirtækjum eins og Getspá/Getraunum, sem afla fjár til góðra málefna. Þar eiga í hlut einkafyrirtæki sem vilja ná í þær miklu tekjur sem þessi fyrirtæki afla. Þetta er gert með vísun í reglur Evrópusambandsins um viðskiptafrelsi. Flest Evrópuríki vilja þó að einkaleyfi til rekstrars happdrætta séu áfram veitt. Enda mundi það líklega lenda á viðkomandi ríkissjóðum að bæta tekjumissinn sem hin góðu málefni yrðu af ef opnað yrði fyrir óhefta samkeppni á þessum markaði. Það er afar mikilvægt fyrir íþróttahreyfinguna í landinu að standa vörð um þann mikilvæga tekjustofn sem Getspá/Getraunir eru.

Heildarvelta Íslenskra getrauna



Heildarvelta Íslenskrar getspár



## Starfsskýrslur

Á árinu 2005 skiluðu öll aðildarfélög ÍSÍ starfsskýrslum í gegnum Felix, félagakerfi íþróttahreyfingarinnar. 99% skil urðu á starfsskýrslum sem er með allra mesta móti. Möguleikar til tölfræðiúrvinnslu hafa aukist verulega með Felix en sú tölfræði sem unnin er upp úr starfsskýrslum er afar mikilvæg fyrir íþróttahreyfinguna.



## Styrkur til sérsambanda ÍSÍ



Frá fundi menntamálaráðherra með fulltrúum sérsambanda ÍSÍ í nóvember 2004.

Á undanföllum árum hefur komið æ betur í ljós hversu mikilvægt það er að sérsamböndunum, sem eru æðstu aðilar um starfsemi viðkomandi íþróttagreinar á landinu, verði skapaður tryggari starfsvettvangur með fjárframlagi frá Alþingi. ÍSÍ og sérsamböndin hafa átt marga fundi um þetta mál og ÍSÍ hefur oft sinnis sótt á fjárveitingavaldið til að fá stuðning fyrir sérsamböndin. Það var því mikið gleðiefni þegar menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, boðaði til fundar með sérsamböndunum og ÍSÍ í nóvember 2004. Á þeim fundi gerðu sérsamböndin menntamálaráðherra grein fyrir stöðu sinna mála og lögð var sérstök áhersla á að út úr vinnu þessara aðila kæmi niðurstaða sem fæli í sér grunnstyrk vegna reksturs sérsambandanna. Menntamálaráðherra skipaði vinnuhóp sem í sátu 3 fulltrúar, Lína Rut Halldórsdóttir frá menntamálaráðuneyti, Leifur Eysteinnsson frá fjármálaráðuneyti og Stefán Konráðsson frá ÍSÍ. Vinnuhópurinn skilaði tillögum til ráðherra þar sem lagt var til að gerður yrði langtímasamningur við ÍSÍ með árlegu fjárframlagi sem nýtast myndi sérsamböndum ÍSÍ til að standa undir starfsmannahaldi og rekstri skrifstofa. Alþingi samþykkti að setja 30 milljónir króna í þetta mál á árinu 2006 og ÍSÍ hefur óskað eftir því að á árinu 2006 verði gerður langtímasamningur, eins og gert er um starfsemi Afrekssjóðs ÍSÍ, þar sem ríkið komi með myndarlegum hætti og auknu fjárframlagi til móts við sérsamböndin. Málið er í vinnslu og má búast við niðurstöðu innan skamms.

## Fjárframlög frá Alþingi til íþróttahreyfingarinnar

ÍSÍ á árlega í miklum samskiptum við menntamálaráðuneytið og fjárveitingavaldið vegna ýmissa fjárframlaga og reksturs sambandsins. Með réttu má segja að skilningur á starfi íþróttahreyfingarinnar hafi aukist hjá þessum aðilum sem endur-

speglast í auknum fjárframlögum á undanföllum árum. En betur má ef duga skal og áfram verður unnið að því að upplýsa þingmenn og embættismenn um gildi íþróttastarfsins og nauðsyn á fjárframlögum til þess.

### Fjárlög Alþingis

Samanburður á fjárframlögum Alþingis

	2004	2005	2006
Rekstrarstyrkur	74.700.000	74.700.000	74.700.000
Aftekssjóður	25.000.000	25.000.000	30.000.000
Lyfjaeftirlit	4.000.000	7.000.000	7.000.000
ÓL	15.000.000		4.000.000
Sérsambönd			30.000.000
Samtals	118.700.000	106.700.000	144.700.000

## Stofnun Samtaka íslenskra ólympíufara (SÍÓ)



Frá stofnfundi Samtaka íslenskra ólympíufara

ÍSÍ stofnaði Samtök íslenskra ólympíufara (SÍÓ) í apríl 2005 í samstarfi og samráði við World Olympians Association. Stofnfundurinn var fjölmennur en á annað hundrad fjórirverandi þátttakendur á Ólympíuleikum mættu á stofnfundinn.

SÍÓ sér um málefni ólympíufara og íþróttamanna í sinni víðustu mynd, t.d. varðandi menntunarskilyrði afrekisíþróttafólks og framtíðarhorfur að ferli loknum. Fyrsti formaður SÍÓ var kjörinn Kristján Arason handknattleiksmaður.

## Samningur um innanlandsflug



Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands og Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ

ÍSÍ og Flugfélag Íslands hafa í mörg ár átt í góðu samstarfi varðandi innanlandsflug. Íþróttahreyfingunni bjóðast góð kjör á flugfargjöldum og sveigjanlegar bókanir. Hins vegar er ljóst að með bættum samgöngum hefur ferðamynstur íþróttahreyfingarinnar breyst og menn aka í mun meira mæli á lengri leiðum til keppni.

## Fjármálaráðstefna



Lögð hefur verið áhersla á að auka umræðu innan íþróttahreyfingarinnar um fjármál og rekstur hennar. Í því skyni, hefur ÍSÍ m.a. staðið fyrir fjármálaráðstefnum þar sem upplýsingar hafa verið veittar um fjárhagslega stöðu viðkomandi sambandsaðila og íþróttagreina og rætt hefur verið um mögulegar úrbætur og lausnir í þeim efnum. Fjármálaráðstefnu íþróttahreyfingarinnar hefur verið vel tekið og fullyrða má að hún hafi hjálpað til við að bæta rekstur íþróttahreyfingarinnar. Síðast en ekki síst, hefur fjármálaráðstefnan varpað ljósi á gildi íþróttastarfsins fyrir samfélagið og hversu nauðsynlegt er að ríki og sveitarfélög styðji við þessa stærstu fjöldahreyfingu á Íslandi.

## Ólympíufjölskyldan



Frá undirritun samnings við Ólympíufjölskylduna. Frá vinstri; Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ, Þorgils Óttar Mathiesen forstjóri Sjóvá, Birna Einarsdóttir framkvæmdastjóri markaðssviðs Glitnis, Sigríður Jónsdóttir varaforseti ÍSÍ, Halldór Guðbjarnason forstjóri VISA ÍSLAND, Þorvarður Guðlaugsson framkvæmdastjóri innanlandssviðs Icelandair.

Gengið var frá samningi við Ólympíufjölskylduna sem gildir út þessa Ólympíuöðu eða til ársloka 2008. Í Ólympíufjölskyldunni eru fjögur fyrirtæki; Glitnir, VISA,

Sjóvá og Icelandair. Fjármagn frá þessum samningum nýtist vel til að standa undir ólympískum verkefnum og afreksstyrkjum til sérsambanda ÍSÍ.

## Breytingar á lottó og útbreiðslustyrk



Frá íþróttþingi 2004

Á síðasta Íþróttþingi árið 2004, var samþykkt að veita framkvæmdastjórn ÍSÍ heimild til breytinga á útgreiðslu lottóarðs, sem m.a. gekk út frá sameiginlegri úthlutun ÍSÍ og UMFÍ á lottógreiðslum til jöfnunar á milli héraðssambanda og íþróttabandalaga. UMFÍ samþykkti ekki fyrir sitt leyti samþykkt þingsins og tók þá gildi önnur samþykkt þingsins, sem samþykkt var til vara yrði raunin sú að UMFÍ myndi ekki samþykkja fyrri samþykktina. Samkvæmt þeirri reglu breyttist úthlutun lottós 1. janúar 2005 þannig að jöfn skipting til héraðssambanda og íþróttabandalaga, sem var 12% varð 6% og 88% hluti sem var miðaður við íbúafjölda varð 94%. Við þessa breytingu fá

íþróttabandalög og héraðssambönd á fjölmennari svæðum hærrí upphæð til sín.

Í öðru lagi var framkvæmdastjórn ÍSÍ falið að úthluta útbreiðslustyrk til héraðssambanda og íþróttabandalaga með það að markmiði að auka jöfnuð milli þeirra pr. íbúa 18 ára og yngri, þ.e. miðað við hlutdeild þeirra í heildargreiðslum ÍSÍ og UMFÍ af ágóða af rekstri Íslenskrar getspar til eflingar íþróttar í landinu.

Engar breytingar voru gerðar á úthlutun til sérsambanda.

Enginn sambandsaðili hefur gert athugasemd við þessar samþykktir eða lýst yfir óánægju sinni með þessar úthlutunarreglur og verður því að líta svo á að friður ríki um málið.



## Vinnuhópur um skipulagsmál



Frá vinnufundi á Norðurlandi

ÍSÍ skipaði vinnuhóp um skipulagsmál, sem falið var að skoða mögulega breytta skiptingu landsins í íþróttahéruð og ýmis mál þeim tengdum. Vinnuhópurinn hefur haldið fjölmarga fundi með sambandsaðilum og leggur fram áfangaskýrslu á Íþróttapönginu. Vinnuhópurinn hefur lagt áherslu á breytta nálgun á umræðu um íþróttahéruð, með það að markmiði að héraðssambönd og íþróttabandalög hafi sjálf forgöngu að því að aðlaga skipu-

lag sitt að nútímanum og að mikilvægt sé að hlutverk héraðssambanda og íþróttabandalaga sé hugsað upp á nýtt með það að markmiði að styrkja hlutverk þeirra enn frekar og þannig að þau nýtist betur í starfi íþróttahreyfingarinnar. Í því augnamiði hefur vinnuhópurinn skoðað málið út frá tveimur sjónarhornum, þ.e. landfræðileg skipting og starfsemi, svo og hlutverk á hverju svæði.

## Fræðslumál – Námskeiðahald á tímabilinu



Frá þjálfaranámskeiði, almennum hluta 1a

ÍSÍ hefur staðið fyrir fjölda námskeiða og annarra fræðsluviðburða á tímabilinu. Þjálfaranámskeið hafa verið haldin víða um land, s.s. á Akureyri, Siglufirði, Þingeyri, Neskaupstað auk Reykjavíkur. Þá

hafa framhaldsskólar boðið upp á kennslu íþróttufræðiáfangna ÍPF102 en sá áfangi jafngildir fyrsta stigi almenns hluta þjálfaramenntunarinnar. Einnig hafa nokkrir grunnskólar boðið upp á kennslu á almennum hluta 1a í 10. bekk, en það námskeið hefur verið kennt sem hluti af valáföngum í íþróttufræði.

ÍSÍ hefur boðið upp á fjarnám fyrir þjálfaramenntun almenns hluta á 1. stigi. Góð þátttaka hefur verið á þeim námskeiðum og greinilegt er að það fyrirkomulag hentar þjálfurum ekki síður en helgarnámskeið.

Skyndihjálparnámskeið hafa verið í boði í samvinnu við Rauða kross Íslands og þá hefur ÍSÍ haldið námskeið um öklameiðsli, en það var haldið í samvinnu við Félag íslenskra sjúkrþjálfara.

## Ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar



Frá hádegisverðarfundi um afreksíþróttir

Fjölmargir fræðsluviðburðir hafa verið haldnir í formi ráðstefna, málþinga og hádegisverðarfunda á kjörtímabilinu. Of langt mál yrði að telja alla þessa viðburði upp en þó má nefna árlega Fjármálaráðstefnu ÍSÍ, ráðstefnu um knattspyrnu barna- og unglinga í samvinnu við KSÍ, ráðstefnu um Íþróttir, fjölmiðla og staðalímyndir og ráðstefnu á Akureyri um afreksíþróttir. Sú nýbreytni var tekin upp að halda hádegisverðarfundi í hverjum mánuði. Á þessum fundum hefur verið rætt um Íþróttamannvirki, Öruggt umhverfi æskufólks, Afreksíþróttir, Íþróttir aldradra, Aðgengi að íþróttahreyfingunni og Íþróttir og skólakerfið. Góður rómur hefur verið gerður að hádegisverðarfundum fyrir stórhöfuðborgarsvæðið og hugmyndir eru uppi um að bjóða upp á hádegisverðarfundi á landsvísu, eftir efnun og aðstæðum.

## Fræðslu- og útbreiðslumál sérsambanda

Fræðsluvið ÍSÍ hefur haldið fundi með sérsamböndum vegna fræðslu- og útbreiðslumála. Þar hafa sambandsaðilar kynnt fyrirhuguð verkefni og rætt hefur verið ítarlega um þjálfaramenntun hreyfingarinnar. Mjög mikilvægt er að halda fundi sem þessa og nýta þá reynslu og þekkingu sem til er orðin hvað varðar þennan málaflokk.



## Skólaíþróttanefnd ÍSÍ



Framkvæmdastjórn skipaði á haustmánuðum 2004 Skólaíþróttanefnd ÍSÍ, eftir að Íþróttaping hafði samþykkt tillögu þess efnis. Í nefndinni sitja fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Íþróttakennarafélagi Íslands og ÍSÍ. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að efla þátttöku barna í íþróttum í tengslum við skólakerfið, að hvetja til samvinnu á milli skóla á sviði íþróttar, að auka hreyfingu og útvíst barna og unglinga, að auðvelda afreksmönnum að stunda nám og að sjá um norræna samvinnu á sviði skólaíþróttar.

Nefndin hefur sett af stað tilraunaverkefni um bandýíþróttina í samstarfi við Kópavogsbæ og verkefni í samvinnu við Icefitness um skólaheysti. Þar keppa grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu í hreytiþrautum og naut keppnin vinsælda meðal nemenda.

Þessum viðburði voru gerð góð skil í fjölmiðlum og vilji er fyrir því að halda þessa keppni á landsvísu í framtíðinni.

Þá hefur nefndin fundað með fjölmörgum aðilum sem tengjast skólastarfi og íþróttastarfi til að finna mögulega snertifleti á samstarfi.

## Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar. 59 félög og deildir hafa hlotið viðurkenningu síðan þær fyrstu voru afhentar árið 2003. Fjölmörg félög eru að vinna að umsókn og ljóst er að sífellt fjölgar þeim félögum sem hljóta þessa viðurkenningu. ÍSÍ hefur lagt á það áherslu að sem flest félög vinni að því að verða fyrirmyndarfélag. Þá hafa fjölmörg sveitarfélög sett þá kröfu á íþróttafélögin að til þess að hljóta styrki til barna- og unglíngastarfs skal viðkomandi íþróttafélag hafa fengið nafnbótina Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Halda verður áfram með þróun verkefnisins, bæði hvað nýliðun varðar en einnig varðandi endurmat og eftirlit á því að félög starfi í takt við gæðakerfið.



Fimleikafélagið Björk hefur hlotið viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag

## Forvarnir



Frá undirbúningsfundi í Reykjanesbær

Íþróttir eru forvörn og með það að leiðarljósi hefur ÍSÍ tekið þátt í fjölmörgum verkefnum sem tengjast forvörnum á fjölbreytilegan hátt. ÍSÍ hefur, ásamt mörgum samtökum er starfa með börnum og unglíngum, verið virkur þátttakandi í Vímuvarnavíkunni sem fór fram á haustmánuðum 2004 og 2005. Þá er ÍSÍ einn af samstarfsaðilum verkefnisins Verndum bernskuna sem Biskupsstofa er í forsvari fyrir. ÍSÍ hefur í samvinnu við ÍRB haldið námskeið fyrir þjálfara í Reykjanesbær þar sem uppeldisþáttur íþróttar og hlutverk þjálfarans hefur verið í fyrirrúmi og má segja að það verkefni sé framhald af þeirri vinnu sem ÍRB hefur lagt í verkefnið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ, en þau félög sem eru með barna- og unglíngastarf innan ÍRB hafa öll hlotið þá viðurkenningu.

Í undirbúningi er forvarnardagur í grunnskólum, en því verkefni er hrundið af stað af Forseta Íslands og Actavis en ÍSÍ er samstarfsaðili þess. Forvarnardagur í grunnskólum er áætlaður 28. september 2006.

## Útgáfumál



ÍSÍ stendur fyrir útgáfu af fjölmörgum fræðsluritum. Mörg þeirra hafa verið endurprentuð á tímabilinu og má þar nefna fræðslubæklinga um *Átröskun og íþróttir* og *Grindarbotnsæfingar – þvagleka en einnig hefur kennslubók fyrir þjálfaranámskeið ÍSÍ, Leiðbeinandi barna- og unglíngum*, verið endurprentuð. Hvað varðar nýtt fræðsluefni þá má fyrst telja geisladisk um verkefnið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ en ákveðið var að fara þá leið að útbúa efni á tölvutæku formi fyrir íþróttahreyfinguna frekar en að gefa út dýrar möppur með prentuðu efni. Þá hefur verið gefið út veggspjald er fjallar um Öruggt umhverfi æskufólks og bækling er fjallar um siðfræði þjálfarans. Ríkisskattstjóri gaf síðan út rit er heitir Skattskylda íþróttafélaga, í samvinnu við ÍSÍ.



Félagakerfi íþróttahreyfingarinnar, Felix, er óðum að festa sig í sessi. Íþróttar- og ungmennafélög hafa tekið kerfinu fagnandi og ljóst er að það auðveldar fjölmarga þætti þess starfs sem fram fer hjá hreyfingunni. Notendur hafa uppgötvað fjölmarga nýja möguleika við kerfið, s.s. að halda utan um hina ýmsu nafnalista og upplýsingar sem áður voru að tynast. Þá hafa notendur komið með ýmsar óskir er varðar þróun kerfisins og möguleika. Áfram verður haldið að þróa og efla þetta félagakerfi. Sérstaklega ber að þakka Íslenskum getraunum varðandi uppbyggingu þessa kerfis en fyrirtækið hefur staðið strauum af miklum kostnaði og þróunarvinnu.



## Barna- og ungl- ingaráðstefna - Áland 2005



Nokkrir fulltrúar Íslands á ráðstefnunni á Álandi

14 íslenskir þátttakendur sóttu norræna ráðstefnu um barna- og unglingsáþróttir sem fram fór á Álandseyjum í október 2005. Þetta var fjórða ráðstefnan í röðinni en þær hafa verið haldnar á þriggja ára fresti síðan 1996. Þátttakendur Íslands voru að þessu sinni frá átta íþróttagreinum en þetta er fjölmennasta þátttaka Íslendinga frá upphafi. Á ráðstefnunni var fjallað um keppnisfyrirkomulag í barna- og unglingsíþróttum og þátt yngra fólks í ákvarðanatöku.

## Alþjóða Ólympíuaka- demían



Frá Ólympíu í Grikklandi sumarið 2005.

Á hverju ári stendur Alþjóða Ólympíuakademían í Grikklandi fyrir námskeiðum fyrir ungt fólk. Námskeiðið fer fram í Ólympíu, sem staðsett er í um fjögurra klst. fjarlægð frá Apenu. ÍSÍ, eða íslenska Ólympíuakademían, hefur sent tvo þátttakendur á hverju ári til þessa námskeiðs og hafa rúmlega 30 manns sótt þessi námskeið í gegnum tíðina. Meðal þess sem fram fer á námskeiðinu eru fyrirlestrar um Ólympíuhreyfinguna og hlutverk Ólympíuleika auk þess sem að fjölbreytt starf á sér stað í umræðuhópum og tengt verkefnum.

## Samstarf við mennta- stofnanir



Íþróttakademían í Reykjavík

Víðtækt samstarf er við flestar þær stofnanir er sinna kennslu íþróttafraeða á Íslandi. ÍSÍ hefur í langan tíma átt samvinnu við Kennaraháskóla Íslands er varðar ráðstefnuhald og uppbyggingu íþróttabókasafns á Laugarvatni. Þá hefur ÍSÍ átt gott samstarf við Íþróttakademíuna í Reykjavík, en sá skóli er nýstofnaður og er ætlað að sinna kennslu í íþróttafraeðum og útskrifa íþróttafraeðinga er fram líða stundir. Framhaldsskólar hafa sömuleiðis verið í góðu sambandi við ÍSÍ og fengið aðgang að námsefni er tengist kennslu í íþróttafraeðum, kynningu á starfsemi Íþróttahreyfingarinnar fyrir nemendum og aðstoð er varðar upplýsingar um íþróttir á Íslandi.

## Íþróttamannvirki

ÍSÍ hefur í samvinnu við menntamálaráðuneytið tekið þátt í norrænni ráðstefnu um íþróttamannvirki. Í september 2004 fór þessi ráðstefna fram á Íslandi og þótti hún takast vel. Þátttakendur á þessum ráðstefnum eru fyrst og fremst opinberir aðilar er sjá um íþróttamannvirki. ÍSÍ hefur á undanförunum árum staðið fyrir skráningu íþróttamannvirkja á sérstökum vef og staðið að mestu leyti undir kostnaði vegna þess. ÍSÍ telur eðlilegt að menntamálaráðuneytið sjálft eða Samband íslenskra sveitarfélaga standi fyrir umsjón þessa málaflokks eins og gert er á Norðurlöndunum.



## Smáþjóðaleikar 2005 – Andorra



11. Smáþjóðaleikarnir fóru að þessu sinni fram í Andorra frá 30. maí – 4. júní. Á leikunum var keppt í blaki, borðtennis, frjálsíþróttum, hjólræiðum, körfuknattleik, júdó, skotfimi, sundi, strandblaki, taekwondó og tennis. Ísland sendi keppendur til leiks í öllum íþróttagreinum samtals 116 keppendur. Í heildina voru

um 160 þátttakendur frá Íslandi. Íslenskt íþróttafólk vann til 76 verðlauna, 26 gull, 23 silfur og 27 brons og hafnaði í öðru sæti þjóða yfir fjölda gullverðlauna. Kýpurúbúar urðu sigursælastir.

